skal skila henni í útbúið, og sje hún útskrifuð, fær hann aðra bók ókeypis, ef hann vill halda viðskiptunum áfram. **22** 20. febr.

Reykjavík 17. febrúar 1904.

*Tryggvi Gunnarsson. Eiríkur Briem. Kristján Jónsson.*

Samþykkist.

**Í stjórnarráði Íslands, 20. febr. 1904.**

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson,

settur.

*Jón Hermannsson,*

settur.

# Auglýsing

**23** 7. marz

um

## viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, hefir stjórnarráðið staðfest eptirritaðan viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað frá 18. septbr. 1900, saminn af bæjarstjórn Akureyrar og samþykktan af hlutaðeigandi amtmanni.

Aptan við 57. gr. komi svohljóðandi ákvæði:

Reykháfar og pípur, er leiða reyk úr húsum, mega því aðeins vera úr öðru en efni en steini, að bæjarstjórnin leyfi það, og ákveður hún þá, hve hátt sótaragjaldið skuli vera fyrir hreinsun á pípum þessum.

Viðauki þessi öðlast gildi 1. apríl 1904.

**Í stjórnarráði Íslands, 7. marz 1904.**

Í fjarveru ráðherrans

Kl. Jónsson,

settur.

*Jón Magnússon,*

settur.